

Rammaáætlun um eflingu gæða í íslenskum háskólum

Stofnunarúttekt
Háskólinn í Reykjavík
- Samantekt -

Ágúst 2019



Inngangur

Þessi samantekt er byggð á skýrslu gæðaráðs íslenskra háskóla (gæðaráðs) um úttekt á Háskólanum í Reykjavík sem var gefin út á ensku þann 23. september 2019¹. Úttektin var framkvæmd af óháðum hópi sem var skipaður af gæðaráði og samanstóð af alþjóðlegum sérfræðingum í málefnum háskóla og einum fulltrúa íslenskra stúdenta.

Stofnunarúttektir eru einn þáttur í annarri lotu rammaáætlunar um eflingu gæða í íslenskum háskólum (e. *2nd Cycle of the Quality Enhancement Framework for Icelandic Higher Education*) sem hófst árið 2017. Helstu þættir þeirrar rammaáætlunar eru:

- Stofnanaúttektir framkvæmdar af gæðaráði (e. *Quality Board-led Institution-Wide Reviews*);
- Sjálfsmat faglegra eininga, sem háskólarnir sjálfir framkvæma (e. *University-led Subject-Level Reviews*);
- Framvinduskýrslur (e. *Annual reports*) og áfangaskýrslur (e. *Mid-term Progress Reports*) frá háskólum í kjölfar stofnunarúttekta;
- Árlegir fundir háskóla og einstakra meðlima gæðaráðs
- Vinnustofur og ráðstefnur;
- Sérstakar úttektir kostaðar af þriðja aðila.

Nánari upplýsingar um rammaáætlun er að finna á heimasíðu Gæðaráðs íslenskra háskóla (www.qef.is).

Dr. Andrée Sursock
Formaður Gæðaráðs

Dr. Sigurður Óli Sigurðsson
Framkvæmdastjóri Gæðaráðs

¹ Skýrslan í heild sinni er birt á ensku á www.qef.is/qef-review-reports/QEF2-RU-IWR-Report-for-website.pdf

Úttektarhópur

Úttektarhópurinn var skipaður eftirfarandi aðilum:

Alan Davidson, formaður úttektarhópsins. Alþjóðlegur ráðgjafi í gæðamálum háskóla. Fyrirverandi sviðsstjóri þjónustudeildar um eflingu gæða í námi, kennslu og námsmati, *Robert Gordon University*.

Ísak Eyfjörð Arnarson, fulltrúi stúdenta. Fyrirverandi varaforseti nemendafélags Háskólans á Bifröst.

Kimberly Bogle Jubinville. Aðstoðarrektor gæða náms, viðurkenninga og stoðþjónustu, *Southern New Hampshire University*. Fyrirverandi aðstoðarmaður sviðsstjóra viðskiptafræðisviðs, *Southern New Hampshire University*.

Jean-Marc Rapp. Formaður- svissneska háskólaviðurkenningaráðsins. Fyrirverandi rektor, *University of Lausanne* og fyrirverandi formaður stjórnar evrópsku háskólasamtakanna.

Maria Knutson Wedel. Rektor, *Swedish University of Agricultural Sciences*. Fyrirverandi aðstoðarrektor náms og kennslu, *Chalmers University of Technology*.

1. Um úttektina

Stofnunarúttekt á Háskólanum í Reykjavík fór fram í nóvember 2019 þegar úttektarhópurinn sótti skólann heim, og skýrsla um þá úttekt birtist á ensku þann 16. mars 2020. Háskólinn lagði fram sjálfsmatsskýrslu sem lið í undirbúningi heimsóknarinnar þann 4. febrúar 2019. Háskólinn stefnir að því að hrinda í framkvæmd sjálfsmati faglegra eininga haustið 2019. Í fyrstu lotu rammaáætlunar um eflingu gæða í íslenskum háskólum var stofnunarúttekt Háskólans í Reykjavík framkvæmd árið 2012 og sjálfsmat faglegra eininga fór fram árin 2012-2017.

Þessi úttekt var framkvæmd í samræmi við handbók gæðaráðs um rammaáætlun um eflingu gæða (2. útgáfa) sem kom út árið 2017². Einnig tók úttektarhópurinn tillit til krafna og leiðbeininga fyrir gæðamat á sviði æðri menntunar í Evrópu (e. *Standards and guidelines for quality assurance in the European Higher Education Area*)³.

2. Samantekt niðurstaðna

2.1. Almenn samantekt

Úttektarhópurinn þakkar rektor Háskólans í Reykjavík, Háskólaráði, starfsfólki og nemendum fyrir hjálpssemi og góðar móttökur á meðan á úttektinni stóð. Samræður á meðan á heimsókninni stóð voru uppbyggilegar, og viðmælendur hópsins voru án undantekninga jákvæðir, hreinskilnir og áhugasamir um að koma til skila skoðun sinni á hvernig skólinn nálgast gæðastjórn og veita hjálpleg dæmi.

² www.gef.is/publications-and-resources/QEF2-Handbook-for-website.pdf

³ www.gef.is/publications-and-resources/useful-resources/ESG_2015.pdf

Sjálfsmatsskýrsla Háskólans í Reykjavík gaf mynd af öflugum háskóla sem er umhugað um að marka sér ákveðna sérstöðu í íslensku háskólaumhverfi. Einnig var sjálfsmatsskýrslan til vitnis um þær umbætur sem skólinn hefur innleitt í kjölfar fyrstu stofnunarúttektarinnar árið 2012 og þær mentaðarfullu framtíðaráætlanir sem koma fram í stefnu skólans, sem ber heitið HR 2020+. Í heimsókn úttektarhópsins komu fram upplýsingar sem voru mjög í samræmi við þær upplýsingar sem skólinn setti fram í sjálfsmatsskýrslu sinni, og gerði það úttektarhópnum kleift að dæma um traust á gæðastarfi skólans (sjá kafla 2.4 og 2.5 að neðan).

Úttektarhópurinn sá einnig fjölmargt sem var til vitnis um styrka umgjörð rannsókna við skólann, sem endurspeglast í eflingu rannsóknastarfs síðan skólinn var síðast tekinn út árið 2012 og stöðu skólans á alþjóðlegum samanburðarlistum háskóla. Almennt má segja að úttektarhópurinn telji Háskólann í Reykjavík hafa markað sér sérstöðu, og skólinn haldi vel utan um hraða og umfang frampróunar í skólastarfi, aðstöðu, stofnanamenningu og vinnulag.

Að lokum vill úttektarhópurinn óska Háskólanum í Reykjavík góðs gengis við að framfylgja HR 2020+, og hvetur hann til að halda áfram þeirri farsælu þróun sem þegar hefur átt sér stað.

2.2. Samantekt á styrkleikum

- Hlutverk skólans er vel skilgreint, nýstárlegt og í takt við þarfir Íslands
- Sterkt stjórnunarteymi og öflug stefnumótun þar sem markmið eru tengd hlutverki skólans og fjármagni og öðru bolmagni er útdeilt í takt við það hlutverk.
- Þróun námskráa fyrir námsleiðir fer fram í ljósi skamm- og langtíma þarfa íslenskra fyrirtækja og íslensks iðnaðar, sem ýtir undir sköpun starfa og bætir möguleika útskrifaðra stúdenta til að tryggja sér atvinnu.
- Stefnumörkun sem skilar sér í öflugum rannsóknastarfi.
- Sameiginilegur skilningur á gæðamenningu skólans, með áherslu á framúrskarandi starfshætti, með tengingu við samfélagslegt mikilvægi.
- Stúdentar eru stoltir af námsleiðum sínum, starfsfólki skólans og skólanum sjálfum.

- Akademískt starfsfólk hefur metnað fyrir hönd stúdenta sinna, kennslu, rannsókna og nýsköpunar.
- Hagaðilar skólans, og þá sérstaklega stúdentar, eru reglulega fengnir að borðinu til að gefa endurgjöf og sú endurgjöf leiðir til skjótra og viðeigandi viðbragða.
- Stúdentar eiga fulltrúa í nefndum og ráðum í deildum og stjórnsýslueiningum, og þeirra framlag er tekið inn í umræður og ákvarðantöku á opinn og uppbyggilegan hátt.
- Ánægja er meðal útskrifaðra nemenda með hversu mikið skipulag náms og samskipti við aðila frá atvinnulífi hjálpuðu við atvinnuleit að útskrift lokinni.
- Starfsemi skólans fer fram í einni byggingu sem er hönnuð til að styðja við stúdentamiðað nám og öflugar rannsóknir, og notkun hennar er stjórnað í takt við þær áherslur.
- Innleiðing kennslustjórnunarkerfisins *Canvas* hefur tekist vel, og sýnir í verki vilja skólans að uppfæra og þróa stafræna innviði.
- Deildarskrifstofur eru skipaðar starfsfólki sem ber metnað til að láta hlutina ganga vel og deilir hugmyndum og góðu verklagi sínu á meðal.
- Skólinn er sífellt tilbúinn að leita út á við til að bæta starfsemi sína, þ.m.t. til útlanda. Það er til hagsbóta bæði nemendum og starfsfólki.
- Sjónarmið ytri hagaðila og sérfræðinga eru notuð í stjórnun deilda og til að efla gæði gráða og námsupplifun stúdenta.

2.3. Samantekt á tækifærum til umbóta

- Tryggja þátttöku sviðsstjóra og deildarforseta í hönnun og gerð aðgerðaáætlana fyrir gæðakerfi skólans. Þessi vinna á að byggja á núverandi gæðamenningu með áherslu á markvissar umbætur með stefnu skólans að leiðarljósi. Auk þess skal leitað tækifæra til að nýta undanfarnar skipulagbreytingar til að styðja við gæðakerfið.
- Finna leiðir til að láta nýtt gæðakerfi styðja við sjálfsmat faglegra eininga innan skólans.

- Efla og gera fjölbreyttari þann stuðning sem er í boði í kennslufræði og notkun stafrænnar tækni í kennslu. Sá stuðningur skal veittur öllum þeim sem sinna kennslu á einhvern hátt, þ.m.t stundakennurum og aðstoðarkennurum.
- Flýta innleiðingu miðlægs kerfis sem heldur utan um gögn um stúdenta.
- Styðja kennara með tæknilegum lausnum og verkferlum til að geta brugðist við því mikla magni sem þeim berst rafrænt af spurningum og öðrum skilaboðum.
- Skoða með þátttöku reynslumikilla akademískra starfsmanna kosti þess að búa til kerfi fyrir frammistöðumat og starfspróun sem byggir á langtímasjónarmiðum í ríkari mæli en núverandi matskerfi. Nýtt kerfi skuli taka til kennslu- og þjónustupátta starfsins, auk rannsókna.
- Auka gagnsæi og formfestu í ráðningarferlum stundakennara.
- Skoða hvort háskólinn geti hvatt til sameiginlegrar stoðþjónustu á landsvísu fyrir umsóknir til erlendra samkeppnissjóða.

2.4. Traustsyfirlýsing um gæði gráða

Úttektarhópurinn ber traust til starfshátta og getu Háskólans í Reykjavík til að tryggja gæði þeirra gráða sem hann veitir.

2.5. Traustsyfirlýsing um gæði námsumhverfis

Úttektarhópurinn ber traust til starfshátta og getu Háskólans í Reykjavík til að tryggja gæði þess námsumhverfis sem hann býður nemendum sínum.